

Aðalfundur foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar

Miðvikudaginn 16. maí 2018, kl. 20 í Grunnskólanum á Ólafsfirði

Mættar voru: Hugborg Inga Harðardóttir, formaður, Telma Björk Birkisdóttir, gjaldkeri, Katrín Freysdóttir, ritari, Diljá Helgadóttir, Björk Óladóttir og Guðrún Þorvaldsdóttir, meðstjórnendur. Katrín Sif Andersen, meðstjórnandi, boðaði forföll.

Þá mættu einnig 5 foreldrar og Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Jónína Magnúsdóttir var kosin fundarstjóri og Katrín Freysdóttir, fundarritari.
2. Skýrsla stjórnar. Formaður las skýrslu stjórnar og sköpuðust umræður um dræma mætingu á fræðslufundi fyrir foreldra og forráðmenn barna í Grunnskólanum, sem félagið er að bjóða upp á.
3. Reikningur félagsins var lagður fram. Formaður fór yfir reikninginn og var hann samþykktur samhljóða.
4. Kosning formanns og annarra stjórnarmanna. Þar sem Hugborg Inga Harðardóttir og Telma Björk Birkisdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn foreldrafélagsins var leitað eftir nýjum stjórnarmeðlimum. Diljá Helgadóttir gaf kost á sér til formanns og var það samþykkt. Bjarney Lea Guðmundsdóttir gaf kost á sér til gjaldkera og var það samþykkt. Berglind Hrönn Hlynisdóttir gaf kost á sér í stjórn félagsins og var það samþykkt. Aðrir stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og var það samþykkt.
5. Kosning skoðunarmanna reiknings. Sigurlaug Ragna Guðnadóttir og Ása Guðrún Sverrisdóttir gáfu kost á sér og var það samþykkt.
6. Skýrsla fulltrúa stjórnar í skólaráði grunnskólans. Katrín Sif Andersen var fulltrúi stjórnar í skólaráði veturinn 2017/2018. Hægt er að lesa skýrsluna á heimasíðu grunnskólans.
7. Kosning fulltrúa stjórnar í skólaráð veturinn 2018/2019. Katrín Sif Andersen gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í skólaráði. Björk Óladóttir gaf kost á sér sem fulltrúa í skólaráði og var það samþykkt.
8. Önnur mál. Ábending kom um að setja inn auglýsingar um fræðslufundi í boði foreldrafélagsins inn á facebook síðu grunnskólans, til að reyna að auka mætingu. Í framhaldinu kom ábending um að biðja skólaritara um að senda foreldrum ábendingu um facebook síðu grunnskólans í tölvupósti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:40

Katrín Freysdóttir

ritari